



Skipulagsskrá fyrir Friðrikssjóð

1. grein.

Sjóðurinn heitir Friðrikssjóður. Hann er rekinn undir merkjum Knattspyrnufélagsins Vals, heimilsfang er Hlíðarendi við Laufásveg og kennitala félagsins er 670269-2569. Stofnendur sjóðsins eru Jóhann Már Helgason, kt. 170985-2579 og Guðmundur Breiðfjörð kt. 200368-5849.

2. grein.

Stofnfé sjóðsins er sjálfsaflafé velunnara Friðrikssjóðs sem nemur 1.100.000 kr. Sá afgangur sem árlega kann að standa eftir hverja úthlutun skal ávaxta í verðtryggðum bréfum, skráðum hlutabréfum, skráðum sjóðum verðbréfafyrirtækja eða á verðtryggðum innlánsreikningnum og/eða á annan jafntryggan hátt samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

3. grein

Tekjur sjóðsins eru fyrst og fremst gjafafé þeirra sem vilja leggja sjóðnum lið. Einnig teljast til tekna vextir af stofnfé hans á hverjum tíma. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksár. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er 2015.

4. grein.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnaminni iðkendur til þátttöku í starfi barna- og unglingsviðs Vals. Friðrikssjóður mun, eftir bestu getu, styrkja iðkendur um æfingagjöld, ferðakostnað vegna keppnisferða og veita styrki til kaupa á æfingabúnaði, til að mynda skóm og æfingafatnaði. Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að meta umsóknir eftir þörfum.

5. grein.

Stjórn sjóðsins er á hverjum tíma skipuð þremur aðilum og skal meirihluti stjórnar ráða um ákvarðanir hennar hverju sinni. Einn stjórnarmaður skal árlega tilnefndur af aðalstjórn Vals. Annar



stjórnarmaður skal árlega tilnefndur af barna- og unglingasviði Vals og sá þriðji skal vera starfandi framkvæmdastjóri Vals. Stjórnarmenn sjálfir velja sér formann stjórnar sjóðsins. Stjórnarmenn þiggja ekki þóknun fyrir störf sín.

6. grein.

Aðalstjórn Vals skal, samhliða því að velja einn mann í stjórn Friðrikssjóðs, tilnefna tvo skoðunarmenn til að fara yfir reikninga Friðrikssjóðs. Skoðunarmenn skulu skila inn álitum á stöðu sjóðsins fyrir aðalfund Vals sem haldin er í apríl ár hvert.

Reykjavík, 1. september 2015
F.h. Knattspyrnufélagsins Vals

Guðmundur Breiðfjörð
Jóhann Már Helgason